

Sp. 759. Tillaga til þingsályktunar [412. mál]
um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla, nr. 63/1974.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna áhrif laga um grunnskóla frá 21. maí 1974 á handmenntakennslu grunnskólabarna.

Nefndinni skal jafnframt falið að gera tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Nefndin skili skýrslu fyrir árslok 1988 og skal hún lögð fram í sameinuðu Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með lögum um grunnskóla nr. 63/1974 varð sú breyting á handavinnukennslu í grunnskólanum að piltar og stúlkur skyldu framvegis hljóta kennslu í sama námsefni, en áður hafði handavinnukennsla verið bundin við kyn barnanna. Þessi breyting var eðlilegt framhald af vaxandi vitund manna um nauðsyn á jafnrétti kynjanna til náms og starfa.

Framkvæmdin hefur víðast hvar orðið á þann veg að orðið hefur að skipta bekkjardeildum í tvennt og kenna sama námsefnið tvisvar á sama kennsluári. Tímafjöldi var ekki aukinn svo að nemandinn fær helmingi minni kennslu en hann átti áður kost á. Piltar fá helmingi minni kennslu í smíðum og stúlkur helmingi minni kennslu í saumum og þeirri handmennt sem stúlkur einar fengu kennslu í áður.

Fjöldi foreldra og kennara telur að þessi kennsla hafi sett niður við breytinguna sem varð á handmenntakennslu eftir gildistöku grunnskólalaganna og nemendur kunni nú mun minna en áður í þessum kennslugreinum. Við það verður ekki unað og nauðsynlegt er að komast að niðurstöðu um hvort handavinnukennslu hafi hrakað svo að til vansa sé.

Það er sannarlega eðlilegur þáttur í uppeldi hvernar manneskju að gera hana færa um að nota hendur sínar til skapandi starfa. Sérhver maður býr yfir sköpunargáfu og löngun til að búa eitthvað það til sem sannfærir hann um eigin sköpunarmátt. Hið fyrsta sem ungum börnum er kennt á dagvistarstofnunum er að ná stjórn á höndum sínum og nota þær til að búa til hluti og finna þannig ímyndarafli sínu og hugmyndaflugi farveg. Það er talin undirstaða allrar frekari menntunar barnsins. Sú kennsla þarf tvímælalaust að halda áfram í grunnskólanum sem eðlilegur þáttur í uppeldi og menntun barnanna því að flest þau störf, sem menn leggja fyrir sig, krefjast jafnt hugar sem handa.

Víst kunna þau störf að finnast sem ekki krefjast handlagi eða kunnáttu í handmennt. En þá skyldu menn ekki gleyma því hvers virði það er hverjum manni að vera fær um að annast eigin afþreyingu og þá ekki síst þegar aldur færast yfir og starfsstundum fækkar.

Síðast en ekki síst skal á það bent hver nauðsyn góð undirstöðumenntun í handmennt er í þjóðfélagi sem er að reyna að hasla sér völl meðal iðnaðarþjóða. Gott formskyn, litaskyn og þekkingu á efni er of seint að öðlast þegar komið er í iðn- eða tækniskóla. Nemendur sem lítt eða ekki hafa hlotið fræðslu um liti og form og eðli efnisins eiga langan veg að fara til að gera orðið liðtækir hönnuðir eða framleiðendur verðmætra iðnaðarvara. Enginn vafi er á að þessi skortur á kennslu hefur háð íslenskum útflutningsiðnaði, enda geta æ fleiri sér þá staðreynd ljósa. Sá sem aldrei hefur komið saman flík er ekki líklegur til að hanna flíkur til sölu á hörðum samkeppnismarkaði. Á sama hátt er sá ólíklegur til að hanna smíðisgrip sem varla hefur tekið sér hamar í hönd.

Þá skal þeim þætti ekki gleymt sem léleg handmenntakennsla veldur í samfélaginu en það er sívaxandi neysla og ill nýting verðmæta í daglegu lífi manna. Á þeim stutta tíma, sem menn hafa til eigin iðju utan langs vinnutíma, gefst ekki rúm fyrir tilraunastarfsemi í handverki. Léleg verkkunnátta veldur því að menn hyllast til að kasta því sem viðgerðar þarfnast og kaupa nýtt í þess stað og nýsköpun verðmæta á heimilunum verður æ fátæklegrí. Má nærri geta hver áhrif rekja má til þessa þegar litið er til þenslunnar í þjóðfélaginu.

Það er því mikilvægt að kannað sé sem fyrst hvernig stöðu handmenntakennslu sé komið í grunnskólakerfinu og tillögur til úrbóta gerðar sé þess talin þörf. Íslendingar hafa ekki efni á að dragast aftur úr öðrum þjóðum í verkmennt og sé hætta á því þólar sú könnun

enga bið. Grunnskólalögin munu nú vera í endurskoðun og óvíst hvenær henni lýkur. Full ástæða er því til þess að rannsaka þann þátt grunnskólakennslunnar er lýtur að handmennt nú þegar og til þess er þessi tillaga til þingslályktunar flutt.

Geta má þess að könnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar á íslensku skólakerfi á árinu 1986 leiddi í ljós að tækniþekkingu kynni að vera ábótavant meðal íslenskra námsmanna. Verður þess nánar getið í framsögu fyrir tillögunni.

Þá hefur Arndís Jónsdóttir kennari og varaþingmaður góðfúslega leyft birtingu á grein er hún reit í Morgunblaðið og birt var 8. mars sl. og er greinin prentuð með þingskjalinu.

Fylgiskjal.

*Arndís Jónsdóttir,
kennari og varaþingmaður:*

Stórt skarð höggvið. (Mbl. 8. mars 1988.)

Undanfarið hefur nokkuð verið ritað og rætt um skólamál og þá ekki síst um grunnskólann. Í skýrslu, sem gerð var á vegum OECD, komu fram athyglisverðar athugasemdir um grunnskólann. M.a. var þar bent á að verklegum greinum væri ekki nóg sinnt. Í fréttum af skoðanakönnun meðal kennara kemur fram að mikill hluti þeirra telur að grunnskólalögin hafi ekki reynst sem skyldi. Nú stendur líka yfir endurskoðun þessara laga og er það vel. Grunnskólalögin voru um margt þörf og tímabær á sínum tíma en flestir hlutir þurfa endurskoðunar við á breytingatímum.

Sú spurning leitar æ oftar á huga minn hvort grunnskólalögin séu ekki of einstrenginguleg í áherslu sinni á jöfnuð og jafnrétti. Getur ekki ofstæki á þeim sviðum komið niður á nemendum og gæðum skólans? Síðastliðið sumar skrifaði Guðrún Helgadóttir alþingismaður grein sem hún nefndi „Jafnréttisráð og handavinnukennslan“. Ég er Guðrúnu þakklát fyrir þessa grein því hún er skrifuð af þekkingu og skilningi á vanda handmenntakennslu í grunnskólum nú til dags.

Það er erfitt að fallast á réttmæti þess að skerða gamalgróna og hagnýta námsgrein eins og handmennt um helming með lagabóði. Þetta hefur nú samt víðast hvar gerst með grunnskólalögunum. Þar er gert ráð fyrir að drengir og stúlkur fái sama námsefni í handmennt. Greinin er þannig að ekki er hægt að kenna stórum bekkjardeildum í einu. Þá er farið að skipta bekkjunum í tvennt eftir stafrófsröð og kennarinn verður að kenna sama námsefnið tvisvar sama veturinn og kemst því helmingi skemur með nemendurna. Það gleymdist að auka tímafjöldann í greininni.

Hvaða afleiðingar hefur svo þessi helmings niðurskurður? Árangurinn hlýtur að verða að sama skapi minni. Kennarinn situr uppi með særðan metnað og ónotaða þekkingu. Þessi tiltekna námsgrein reynist líka svo viðkvæm í framkvæmd að þegar þrýsta á öllum til að læra það sama verður ástandið þannig að greinin leggst niður. Á hverju ári heyrum við nú auglýst eftir handmenntakennurum víða um land. Víða sér réttindalaust fólk um handmenntakennsluna meðan aðeins brot menntaðra handmenntakennara fæst við kennslu í greininni. Þó að kennarar tali oft um lág laun þá skipta starfsskilyrði þeirra líka máli. Þeir vilja sjá einhvern raunhæfan árangur af starfi sínu.

Auðvitað erum við öll sammála um að gefa skuli drengjum og stúlkum jöfn tækifæri til náms. Gaman væri líka að eiga dætur sem kynnu bæði að smíða borð og sauma og syni sem kynnu bæði að hefla og hekla. Þessu takmarki verður ekki bara náð með því að gera kennsluna í þessu öllu svo litla að ekkert sé hægt að læra að ráði. Í þessari grein er líka erfitt að þvinga fólk og þess vegna hlýtur að þurfa að leysa þetta að einhverju leyti með vali. Eftir 20 ára kennsluferil í grunnskóla, að mestu í handmennt, tel ég að hér hafi orðið stórt slys. Það er svo stórt slys að fjöldi kennara með góða sérmenntun hefur orðið að yfirgefa það sem átti að vera ævistarfið og fjöldi nemenda nær sáralitlum árangri í handmennt. Við þetta allt hefur tilkostnaðurinn ekkert minnkað. Samdrátturinn er fyrst og fremst á sviði gæðanna og þarna erum við að tala um námsgrein sem menntar fólk m.a. til að eyða tímstundum sínum á uppbyggilegan hátt. Þarna er því stórt skarð höggvið í almenna menntun í landinu.

Nú er mikið talað um að framtíð þjóðarinnar ráðist af því hvernig til tekst að mennta hana. Ekki ætla ég að fara út í hvernig búið er að öðrum námsgreinum í kerfinu núna en þar mætti eflaust margt betur fara. Við verðum líka alvarlega að íhuga hvort okkur dugir þessi skammti skólatími. Foreldrar hafa mikið fyrir menntun barna sinna og þjóðfélagið ver miklum fjármunum til hennar. Við þurfum öll að vera á verði um að þessi fjárfesting og fyrirhöfn skili sem mestum arði í því að börnin okkar verði sem best fær um að bjarga sér og bregðast við í framtíðinni. Öll hljótum við að binda vonir við endurskoðun grunnskólalaga, en í þeirri endurskoðun skiptir miklu máli að það sé haft að leiðarljósi að menntakerfið sé sveigjanlegt án þess að slakað sé á kröfum. Ef við viljum breyta þjóðfélaginu gegnum skólana kostar það aukið starf og fjármuni, en verður ekki gert með eintómum tilfærslum milli námsgreina.